



## Skarfabakki - 2. áfangi

Almenna verkfræðistofan vinnur nú að hönnun og gerð útbodsgagna fyrir 2. áfanga Skarfabakka.

Framkvæmdin felur í sér framlengingu á núverandi Skarfabakka og fyllingu innan við þil. Dýpi við bakkann verður 12 m. Bakkinn verður gerður með rekstri á stálþili í fylltan efnisskiptaskurð, þilið verður stagað og fyllt verður með malarefni á bak við. Einnig eru feringar lands og allur yfirborðsfrágang hafnarbakkans hluti verksins. Grjótgarðurinn Ábótinn verður fjarlægður þar sem Skarfagarður hefur nú þegar leyst hann af hólmi. Viðlegukanturinn í 2. áfanga Skarfabakka er framhald núverandi bakka og liggur í sömu línu í suðaustur frá honum, samsíða ströndu. Núverandi bakki er 450 m langur og verður bakki í 2. áfanga 200 m. Hefur þá fengist 650 m langur viðlegukantur.



Mikil aukning hefur undanfarin ár verið á komum skemmtiferðaskipa til Íslands. Nú er svo komið að Skarfabakki er fullnýttur og því þörf á frekara viðleguplássi fyrir skemmtiferðaskip.

Með tilkomu lengingarinnar munu tvö 300 m löng skemmtiferðaskip geta lagst samtímis að bakkannum.



## Rafræn ferðavenjukönnun

Fyrirtækið SagaTraffic sem er í eigu Almennu verkfræðistofunnar og Sagasystems hlaut á dögnum styrk úr tækniþróunarsjóði Rannís. Fyrirtækið sérhæfir sig í rannsóknum og þróun á umferðartengdri upplýsingamiðlun.



Styrkurinn gerir fyrirtækinu kleift að hanna og þróa aðferð til að kanna ferðavenjur með nákvæmari og hagkvæmari hætti en áður hefur verið gert. Nýjungin felst m.a. í notkun á GPS tækni við ferðaskráningar en það eykur áreiðanleika upplýsinga til mikilla muna. Áætlað er að verkefnið taki tvö ár í framkvæmd. Að verkefninu standa, auk SagaTraffic, sérfræðingar frá háskólum og fyrirtækjum sem tengjast rannsóknum og þróun af þessu tagi. Niðurstöður ferðavenjukannana eru t.d. notaðar við gerð umferðarspálíkana og við stefnumörkun stjórnvalda í uppbyggingu samgöngumannvirkja og umferðarstýringu. Þróun umferðar undanfarna áratugi gerir kröfu um betri og samfelldari upplýsingaöflun.



## Ásgeir Ólafsson M.F.M, kjörinn formaður fasteignastjórnunarfélags Íslands

Fasteignastjórnunarfélag Íslands, FASTI, er félag áhuga- og fagmanna um fasteignir sem var stofnað árið 2003.

### Hvað er fasteignastjórnun:

Fasteignarstjórnun er stjórnunaraðferð við rekstur fasteigna og aðstöðu sem styður við kjarnastarfssemi fyrirtækisins. Eitt af megin markmiðunum er að starfsmönnum líði vel og stjórnendur fái aukna yfirsýn yfir rekstur aðstöðu og fasteigna sem leiðir til upplýstrar ákvarðanatöku stjórnenda. Afurðin verður því aukin framlegð af fasteigninni.

### Tilgangur félagsins er að:

Að efla fagþekkingu í fasteignastjórnun með því að halda fundi, námskeið, kynningar og miðla þekkingu í fasteignastjórnun til félagsmanna og annarra þeirra er áhuga hafa. Félagið er einnig vettvangur félagsmanna til að skiptast á upplýsingum og reynslu um fasteignastjórnun bæði innanlands og erlendis með þátttöku í alþjóðlegu samstarfi. Einnig að miðla upplýsingum með rekstri á sameiginlegum gagnabanka með upplýsingum um kostnað við rekstur og umsýslu fasteigna.



## Nýr vegkafla á Þjóðvegi E6, mitt á milli Oslóar og Þrándheims

Tilboði Reinertsen í samstarfi við Almennu verkfræðistofuna var tekið í hönnun á nýjum vegkafla E6 þjóðvegarsins sem liggur um Guðbrandsdal milli Oslóar og Þrándheims. Munu starfsmenn Almennu sjá að mestu um jarðtæknilega hönnun í verkinu. Verkið fellst í hönnun á tæplega 16 km af nýjum vegi, þar af 3,6 km af jarðgöngum (sem NGI mun hanna). Samhliða verða hannaðir um 10 km af stofn- og tengivegum og 1,5 km af göngu- og hjólreiðastígum. Auk þess mun Almenna m.a. koma að jarðtæknilegri hönnun 14 brúa, 2 stórra ræsa, 2 stórra gatnamóta og 2 þveranna á járnbrautateinum.

Í lok september fóru þrír starfsmenn

Almennu verkfræðistofunnar í vettvangsferð í Guðbrandsdalnum. Með í för voru fulltrúar frá norsku vegagerðinni og Reinertsen. Hönnun hófst í september 2011 og á að vera lokið vorið 2013 en verkinu á að vera að fullu lokið 2017.



## Óvissuferð

Föstudaginn 7. október var haldið út í óvissuna á vegum AV og STAV. Í tilefni bleika dagsins var fólk hvatt til að mæta í bleiku og því var yfirbragð rútunnar frekar bleiktóna þegar lagt var af stað.

Haldið var í norðurátt og farþegar rifjuðu upp ártöl, landnámsmenn og annan fróðleik sem hægt var að tengja við leið ferðalanganna.

Eftir að hafa tekið nestisstopp í Borgarnesi var haldið áfram á áfangastað sem í þessari ferð reyndist vera Hraunsnef í Borgarfirði þar sem tekið var á móti mannskapnum með



dýrindis grillhlaðborði. Þegar borðhaldi var lokið var efnt til förðunarkeppni á milli sviða þar sem sviðsstjórar eða staðgenglar þeirra sýndu hvað í þeim bjó.



Mátti sjá mikil tilþrif og voru módelin ansi fín að keppni lokinni og erfitt að velja sigurvegara. Því var brugðið á það ráð að verðlauna alla og fengu þeir að launum andlitskrem ætlað karlmönnum til að styrkja þreytta og stressaða húð. Að vonum voru þeir allir kátir með vinninginn og hafa sjálfsagt allir borið á sig krem um leið og þeir hafa risið úr rekkju daginn eftir.

Að förðunarkeppninni lokinni tók við almenn gleði með spjalli, billiard og kareoki þar sem margir létu ljós sitt skína. Haldið var heim þegar líða fór að miðnætti og voru taugar þeirra sem fremst sátu í rútunni þandar á heimleiðinni þar sem Kári vindbelgur reyndi ítrekað að ná rútunni út af veginum. En allt fór vel að lokum og komust ferðalangar sáttir og heilir heim á skikkanlegum tíma.

## NÝR STARFSMENN



### Sævar Jóhannesson

er með B.Sc. gráðu í byggingartæknifræði frá Ingeniørhøjskolen Odense Teknikum í Danmörku.

Sævar hóf störf á Byggingar- og iðnaðarsviði í september sl.



### Ari Sigfússon

er með B.Sc. gráðu í byggingartæknifræði frá Ingeniørhøjskolen Odense Teknikum í Danmörku. Ari er okkur að góðu kunnur og starfaði hjá okkur á árunum 2004-2007.

Ari hóf störf á Byggingar- og iðnaðarsviði í október sl.



### Ámundi Fannar Sæmundsson

er með M.Sc. gráðu í burðarþróun og verkfræði frá Lunds Tekniska Högskola í Svíþjóð.

Ámundi hóf störf á Byggingar- og iðnaðarsviði í október sl.